

Ár 2007, föstudaginn 31. ágúst, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 6/2007**:

M
og
M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru **M**, og **M**, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 18. júní 2007 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 12. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. júní 2007, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 2. júlí 2007. Bréfið var sent sóknaraðilum með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. júlí 2007, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 18. júlí 2007.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 27. og 31. ágúst 2007.

II.

Málsatvik.

Fyrrum sambýlismaður sóknaraðila **M**, fékk við sambúðarslit þeirra bifreiðina **A**, og skyldi samkvæmt samningi þeirra greiða alla skatta og skyldur vegna bifreiðarinnar frá og með 1. mars 2003. Á bifreiðinni var áhvílandi lán frá varnaraðila sem nýr eigandi skyldi yfirtaka. Fyrir fórst að tilkynna eigandaskipti á bifreiðinni og var það ekki gert fyrir en 1. september 2003. Ekki varð af skuldaraskiptum samkvæmt áhvílandi skuldabréfi og var bifreiðin boðin upp 7. maí 2005. Hún hafði hins vegar skemmst í umferðaróhappi og var verðmæti hennar því mun minna en ella, en kr. 223.090 fengust upp í kröfu varnaraðila. Að því frádregnu nam krafa varnaraðila tæpri einni milljón króna.

Lögmaður hafði spurð fyrir um málið fyrir hönd sóknaraðila og óskað eftir því að krafan yrði felld niður á árinu 2004. Annar lögmaður spurðist fyrir um málið hjá varnaraðila með bréfi, dagsettu 15. júlí 2005, og skoraði á varnaraðila að falla frá innheimtu kröfunnar á hendur sóknaraðila með bréfi, dagsettu 15. nóvember 2005.

Sóknaraðilar lentu í frekari greiðsluerfiðleikum af ýmsum ástæðum. Í byrjun árs 2006 reyndu þau að semja um lánafyrirgreiðslu og skuldbreytingar við þrjár

fjármálastofnanir, m.a. varnaraðila, með aðstoð fjármálaráðgjafa. Varnaraðili bauðst þann 30. janúar 2006 til að skilmálabreyta láni og breyta yfirdráttarláni í skuldabréfalán til átta ára. Sóknaraðilar höfðu sjálf samband við varnaraðila í febrúar 2006 og óskuðu eftir frekari fyrirgreiðslu. Í mars 2006 var varnaraðili enn tilbúinn til skilmálabreytingar og útgáfu nýs láns með 2. veðrétti í fasteign sóknaraðila. Skuldabréfi frá annarri lánastofnun var hins vegar þinglýst á 2. veðrétt og var varnaraðila þá boðinn 3. veðréttur. Það vildi varnaraðili ekki án þess að til kæmu frekari tryggingar. Náðust ekki samningar milli aðila um þessi efni.

Varnaraðili hélt áfram innheimtuaðgerðum á hendur sóknaraðila **M**, vegna vanskila á skuldabréfi því, sem hafði verið áhvílandi á bifreiðinni **A**, Var gert árangurslaust fjárnám hjá sóknaraðila 14. maí 2007 að kröfu varnaraðila. Þá var fasteign sóknaraðila **M**, seld nauðungarsölu 6. júní 2007. Lýsti varnaraðili m.a. kröfu í söluandvirðið að fjárhæð kr. 26.834.364.

III.

Umkvörtunarefni.

Samkvæmt kvörtun málsins er kröfugerð sóknaraðila svofelld vegna bifreiðarinnar **A**: „*Eignahlut [sóknaraðila M,] í samræmi við dóm dags. gengið út frá því að bíllinn hefði verið tekin og seldur á þeim tíma sem samb. var haft v. [varnaraðila] þ.e. júní 2003 -greiddir verði hæstu mögulegir dráttavexti frá þeim tíma til greiðslud. [Varnaraðili] greiði [sóknaraðila M,] v/ lögmanskostn., sem hún greiddi vegna málsins 150.000 kr. Fjárnám afmáð úr þinglýsingarbókum og [sóknaraðili M,] af skuldaskrá. [Sóknaraðili M,] gat m.a. ekki keypt íbúð eftir skilnað í október v/ kröfu [varnaraðila] og fengið fyrirgreiðslur í samræmi við skráningu [varnaraðila] í Lánstrausti. Einnig er farið fram á hæfilegar bætur.*“ Kröfur tengdar fasteign sóknaraðila **M**, voru sagðar fylgja á sérstöku blaði en þær hafa ekki borist nefndinni.

Sóknaraðilar kveða viðskiptahætti varnaraðila hafa verið óeðlilega. Hefði hann þegar átt að bregðast við þegar sóknaraðili **M**, hafði samband við þá þegar áhvílandi skuldabréf á bifreiðinni **A**, hafði verið í vanskilum í tvo mánuði. Hafi varnaraðili sýnt af sér einstakt sinnuleysi þó sýnt hefði verið fram á að fyrrverandi sambýlismaður sóknaraðili hefði verið raunverulegur skuldari að áhvílandi láni. Hafi varnaraðili neitað að ganga að veðinu þegar sóknaraðili **M**, fór fram á það og hafi ekki aðhafst neitt fyrir en bifreiðin hafði orðið fyrir tjóni og búið var að selja flest fémætt úr henni.

Þá telja sóknaraðilar alla vinnu varnaraðila hafa verið seina og ómarkvissa og engar reiður verið hægt að henda á hver útkoman yrði. Hafi varnaraðili tekið hús þeirra en þau sitji uppi með lán við aðra fjármálastofnun, auk þess sem líklega verði gengið að ábyrgðarmönnum. Kveða sóknaraðilar að þeir væru í annarri stöðu ef allar fjármálastofnanirnar þrjár hefðu gengið að samningum með þeim hætti sem fjármálaráðgjafi lagði til. Sóknaraðilar kveðast hafa orðið fyrir kostnaði vegna vinnu lögmanna og fjármálaráðgjafa.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Vísar varnaraðili til þess að samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki sé það skilyrði fyrir meðferð

úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Hafi sóknaraðili ekki lagt málið formlega fyrir varnaraðila til úrlausnar í samræmi við nefnt ákvæði.

Í annan stað vísar varnaraðili til e-liðar 6. gr. þar sem kveðið sé á um að úrskurðarnefndin fjalli ekki um mál sem séu það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Telur varnaraðili kröfugerð sóknaraðila á engan hátt uppfylla þær kröfur sem gerðar séu samkvæmt þessu ákvæði. Sé krafa sóknaraðila vegna bifreiðarinnar **A**, illa reifuð, óljós og ruglingsleg. Þar að auki sé engin krafa gerð vegna húsnæðisláns að **B**.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt 5. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, er það skilyrði fyrir meðferð máls hjá úrskurðarnefndinni að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki.

Kvörtun sóknaraðila virðist samkvæmt framansögðu annars vegar beinast að innheimtuaðgerðum varnaraðila á hendur sóknaraðila **M**, vegna áhvílandi skuldabréfs á bifreiðinni **A**, sem hann var útgefandi að, og hins vegar ófullnægjandi lánafyrirgreiðslu og eftir atvikum innheimtu áhvílandi skuldar á fasteign sóknaraðila **M**, sem nú hefur verið seld nauðungarsölu. Sóknaraðilar hafa ekki sett fram fjárkröfu á hendur varnaraðila vegna ofangreinds. Er því ekki uppfyllt skilyrði nefndrar 5. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd við fjármálafyrirtæki um að kröfu viðskiptamanns hafi verið hafnað eða sátt ekki tekist um málið.

Með vísan til framanritaðs verður þegar af greindri ástæðu að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni. Er þá ekki ástæða til að fjalla frekar um kröfugerð sóknaraðila eða málalíbúnað þeirra að öðru leyti.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, **M**, og **M**, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu **F**, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 31. ágúst 2007.

Guðjón Ólafur Jónsson

ir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

Hildigunnur Hafsteinsdóttir